

Ræða formanns stjórnar Almenna lífeyrissjóðsins á ársfundi 2024

Góðir sjóðfélagar.

Ég mun nú fara yfir helstu málefni á liðnu starfsári Almenna lífeyrissjóðsins út frá þeim áherslum sem eru lykilatriði í rekstri sjóðsins auk þess að víkja að árangri í fjárfestingum og örðum málum.

I. Inngangur

Rekstur Almenna lífeyrissjóðsins gekk heilt yfir vel á árinu 2023.

Blandaðar ávöxtunarleiðir sem fjárfesta í skuldabréfum og hlutabréfum skiluðu öll jákvæðri raunávöxtun eftir miklar sveiflur á verðbréfamörkuðum bæði innanlands og erlendis. Allar sjö ávöxtunarleiðir sjóðsins voru með jákvæða nafnávöxtun á bilinu 7,4% til 11,4%. Fimm ávöxtunarleiðir skiluðu jákvæðri raunávöxtun sem verður að teljast varnarsigur í hárrí verðbólgu sem var 8% á árinu 2023.

Það er sannarlega áskorun að stýra lífeyrissjóði í mikilli verðbólgu. Skuldbindingar samtryggingarsjóðs eru að fullu verðtryggðar sem þýðir að áunnin réttindi og lífeyrisgreiðslur breytast í hverjum mánuði með vísitölu neysluverðs, í verðbólgu til hækkunar. Áskorunin er þá að velja saman eignir sem halda í við verðbólgu að viðbættri núvirðingarkröfu sjóðsins með það að markmiði að það myndist ekki bil milli eigna og skuldbindinga. Áskorunin er ekki minni með eignir séreignarsjóðs. Því ef eignir halda ekki í við verðbólgu minnkar kaupmáttur inneigna sjóðfélaga. Það getur verið strembið að verja eignir í mikilli verðbólgu en á liðnum árum hefur það tekist ágætlega og langtímaávöxtun blandaðra verðbréfasafna er hagstæð. Þau hafa öll skilað jákvæðri raunávöxtun sl. 5 og 10 ár, mest Ævisafn I sem skilaði 5,4% raunávöxtun að jafnaði sl. 5 ár og 4,7% sl. 10 ár. Frá árinu 1990 hefur raunávöxtun samtryggingarsjóðs verið að jafnaði 4,3% á ári.

Í ársskýrslu sjóðsins er gerð grein fyrir rekstri og afkomu sjóðsins á síðasta ári. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir gera grein fyrir rekstri hans og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og það sem af er þessu ári auk þess að kynna fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Almenni lífeyrissjóðurinn leggur áherslu á fjögur lykilatriði í rekstri sjóðsins sem eru **val**, **sveigjanleiki**, **upplýsingar** og **þjónusta**. Ég ætla að fara yfir þessar áherslur og hvernig þær eru leiðarljós í störfum sjóðsins.

II. Val

Almenni lífeyrissjóðurinn er bæði séreignarsjóður og samtryggingasjóður skyldutryggingar lífeyrisréttinda. Allir launþegar á Íslandi skulu greiða iðgjald sem nemur 4% af launum og vinnuveitandi greiðir 11,5% mótframlag til lífeyrissjóðs sem ýmist er ákveðinn í gegnum kjarasamninga eða launþegi velur sjálfur. Almenni lífeyrissjóðurinn er öllum opinn en er jafnframt starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, hljómlistarmanna og tæknifræðinga.

Sjóðfélagar í séreignarsjóði geta valið á milli sex ávöxtunarleiða með mismunandi eignasamsetningu og væntum sveiflum og ávöxtun. Þeir geta hvenær sem er gert breytingar á ráðstöfun iðgjalda eða fært inneign á milli ávöxtunarleiða. Sjóðfélagar geta valið einstakar ávöxtunarleiðir eða Ævileiðina, sem er í raun sjálfvirkt flutningskerfi inneignar sjóðsfélaga milli ávöxtunarleiða eftir aldri þeirra. Í Ævileiðinni er innbyggð áhættudreifing sem felst í því að hlutfall hlutabréfa lækkar með aldri sjóðfélaga um leið og vægi skuldabréfa fer vaxandi.

Á árinu fór stjórn sérstaklega yfir Ævileiðina og skoðaði hvort ástæða væri til að endurskoða aldursmörk ávöxtunarleiða eða á hvaða aldri inneign flyst milli þeirra. Við þá athugun var Ævileiðin m.a. borin saman við sambærilegar leiðir hjá öðrum vörsluaðilum auk þess sem við reiknuðum vænta ávöxtun og sveiflur fyrir fjölda ólíkra leiða með mismunandi aldursmörk og fjárfestingarstefnu. Niðurstaða þessarar skoðunar var að breyta ekki aldursmörkum Ævileiðarinnar eða fjárfestingarstefnu sem kom vel út með tilliti til væntrar ávöxtunar og flökts.

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að bjóða sjóðfélögum val um ávöxtunarleiðir sem hafa vandaða fjárfestingarstefnu sem miðar að því að tryggja góða ávöxtun til langs tíma. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð árlega. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á áhættudreifingu með því að dreifa eignum á eignaflokka, lönd og marga útgefendur. Sem dæmi um þetta má nefna að blandaðar ávöxtunarleiðir hafa tiltölulega hátt vægi erlendra eigna í samanburði við aðra sjóði og vörsluaðila lífeyrissparnaðar. Til viðbótar hefur sjóðurinn lagt sérstaka áherslu á eignadreifingu innan eignaflokksins m.a. með því að velja svokallaða vísitölusjóði fyrir erlend hlutabréf en þeir sjóðir fjárfesta í þúsundum félaga. Þessi áhersla fer vel saman við annað markmið sjóðsins sem er lágur kostnaður í fjárfestingum þannig að sem mest af ávöxtun skili sér til sjóðfélaga.

Á árinu 2023 var lögum um lífeyrissjóði breytt og heimildir til erlendra fjárfestinga auknar. Við fögnum breytingunni því með erlendum fjárfestingum geta sjóðir aukið áhættudreifingu.

II. Sveigjanleiki

Lágmarksiðgjald til Almenna lífeyrissjóðsins greiðist bæði í samtryggingarsjóð, 8,5% af launum og í séreignarsjóð 7%. Markmiðið er að sjóðfélagar hafi sveigjanleika þegar kemur að töku lífeyris. Þeir geta hafið töku lífeyris og úttekt séreignar frá 60 ára aldri sem gerir starfslokin sveigjanlegri. Hátt vægi séreignarsjóðs eykur möguleika sjóðfélaga enn fremur, því þeir ráða á hve löngum tíma þeir taka út sína inneign. Þannig geta sjóðfélagar til dæmis valið að hafa hærri eftirlaun fyrstu 10 til 15 árin eftir að þeir láta af störfum, á meðan fólk er við góða heilsu og vill ferðast eða hafa meira milli handanna. Einnig má sækja um eingreiðslu ef svo ber undir t.d. fyrir óvæntum útgjöldum, ferðalögum eða endurnýja bílinn.

Sjóðurinn hefur lagt sérstaka áherslu á að auka möguleika sjóðfélaga til að nýta sér þessa kosti með öflugum sjóðfélagavef. Þar geta sjóðfélagar stýrt því hvernig þeir ganga á inneign sína með því að stilla fjárhæð mánaðarlegra úttektar og sækja eingreiðslu þegar þeim hentar.

Og þeir geta alltaf breytt um skoðun og vistað nýjar stillingar. Sjóðfélagar geta einnig valið tegund séreignar sem er greidd út, þ.e. séreign sem hefur myndast af lágmarksiðgjaldi eða með viðbótariðgjaldi. Þeir sem eiga inneign í fleiri ávöxtunarleiðum geta valið úr hvaða ávöxtunarleið er greitt fyrst.

III. Upplýsingar

Almenni hefur frá upphafi lagt áherslu á að miðla sjóðfélögum góðum upplýsingar þannig að þeir geti tekið upplýstar ákvarðanir um lífeyrissparnað og eftirlaunagreiðslur.

Á sjóðfélagavef eru alltaf nýjustu upplýsingar um réttindi í samtryggingarsjóði og inneign í séreignarsjóði. Sjóðfélagar geta séð upplýsingar um áunnin réttindi til ellilífeyris miðað við mismunandi aldur þegar taka lífeyris hefst. Við birtum einnig upplýsingar um örorku-, maka- og barnalífeyri sem virkjast ef sjóðfélagi missir starfsgetu eða fellur frá. Það er að okkar mati nauðsynlegt svo þeir geti metið stöðu sína ef þeir lenda í áföllum. Á sjóðfélagavefnum eru einnig reiknivél og gagnvirkar síður til að hjálpa sjóðfélögum að gera áætlun og meta stöðu sína á þægilegan hátt miðað við mismunandi forsendur.

Á liðnu ári var lögum breytt og lífeyrissjóðum er nú heimilt að birta yfirlit til sjóðfélaga á læstu vefsvæði þar sem rafrænnar auðkenningar sjóðfélaga er krafist. Við fögnum þessum breytingum og vísum sjóðfélögum okkar á sjóðfélagavefinn. Á honum er skjalageymsla fyrir rafræn skjöl þar sem m.a. er hægt að fletta upp á yfirlitum sem sjóðnum ber að birta tvisvar á ári eða afhenda á pappíriformi óski sjóðfélagar eftir því. Þar sem nú fer í hönd fyrsta heila árið sem sjóðnum er heimilt að vera með alla upplýsingagjöf á rafrænu formi leggur stjórn sjóðsins til að bætt verði við ákvæði í samþykktir sem heimilar sjóðnum að senda með rafrænum hætti mikilvægar upplýsingar um hagsmuni sjóðfélaga, svo sem um yfirlitin, ársfund, stjórnarkjör eða um réttindi og inneign. Ég vil nota tækifærið og hvetja sjóðfélaga að yfirfara eða skrá netfangið sitt á sjóðfélagavefnum. Svo tryggt sé að almennar og persónulegar upplýsingar sem sjóðurinn sendir út berst til ykkar.

Sjóðurinn leggur áherslu á að veita ítarlegar upplýsingar um ávöxtunarleiðir. Á hverjum degi reiknum við gengi ávöxtunarleiða og birtum á opnum vef sjóðsins, almenni.is. Með því móti geta sjóðfélagar alltaf fylgst með inneign sinni, hún er alltaf uppfærð sem og upplýsingar um ávöxtun. Gengissaga ávöxtunarleiða segir einnig til um flökt og sveiflur í ávöxtun. Þannig geta sjóðfélagar borið saman sögulega ávöxtun og sveiflur ávöxtunarleiða sem hjálpar við mat á hvaða leið hentar hverju sinni. Sjóðurinn birtir mánaðarlega upplýsingar um eignasamsetningu og fjórum sinnum á ári upplýsingar um útgefendur og vægi þeirra af eignum ávöxtunarleiða. Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á framsetningu þessara upplýsinga með það að markmiði að bæta upplýsingagjöfina enn frekar.

IV. Þjónusta

Markmið Almenna lífeyrissjóðsins er að veita framúrskarandi þjónustu og faglega ráðgjöf til sjóðfélaga.

Við reynum að svara öllum erindum og fyrirspurnum eins hratt og hægt er. Við bjóðum sjóðfélögum upp á sérstaka stöðufundi þar sem farið er yfir inneign og réttindi, hvert stefnir og mögulegar leiðir til að auka eftirlaunin eða tryggingavernd. Á stöðufundunum er einnig farið yfir ávöxtunarleiðir og veittar upplýsingar til að hjálpa fólki að velja leið sem hentar með tilliti til væntrar ávöxtunar og áhættuþols. Stöðufundir geta verið bæði stað- og fjarfundir. Til að auka skilvirkni óskum við eftir að fólk panti tíma hjá ráðgjafa. Það er hægt gera í gegnum vefinn okkar.

Í byrjun febrúar flutti skrifstofa sjóðsins úr Borgartúni 25 yfir á Dalveg 30. Vegna vaxandi umsvifa stóð sjóðurinn frammi fyrir því að gera breytingar á húsnæðinu í Borgartúni eða færa starfsemina annað. Í nýju húsnæði sjóðsins á Dalvegi var lögð sérstök áhersla á góða aðstöðu til að taka á móti sjóðfélögum, hvort sem er í ráðgjöf eða á fræðslufundi.

Vefurinn okkar, almenni.is, er í sífelldri þróun. Markmiðið er að birta greinargóðar upplýsingar um sjóðinn auk fréttu um lífeyrismál sem við teljum að gagnist sjóðfélögum. Við höfum einnig lagt sérstaka áherslu á fræðslu og birtum reglulega fræðslugreinar, myndbönd og hlaðvörp um málefni sem tengjast hagsmunum sjóðfélaga.

V. Önnur mikilvæg atriði

Í lok nóvember 2023 féll dómur í héraði í máli sjóðfélaga gegn Lífeyrissjóði verslunarmanna, LV, þar sem aldursháð aðlögun réttinda var dæmd ólögleg. Með henni var fjárhæð mánaðarlegs lífeyris vegna áunninna réttinda aðlöguð að hækkun lífaldurs og lengri greiðslutíma lífeyris samkvæmt nýjum líftöflum sem voru innleiddar árið 2022. Stjórn LV hefur áfrýjað dómnum og hefur Hæstiréttur fallist á málskotsbeiðni sjóðsins. Vonast er til að málinu ljúki á árinu 2024. Almenni lífeyrissjóðurinn beitti sömu aðferð og Lífeyrissjóður verslunarmanna við aðlögun réttinda til að mæta hækkandi lífaldri sjóðsfélaga. Tryggingafræðileg staða Almenna lífeyrissjóðsins mun versna ef Hæstiréttur dæmir aldursháðu aðlögunina ólöglega. Stjórn og starfsfólk sjóðsins mun fylgjast vel með framvindu málsins og upplýsa sjóðfélaga þegar niðurstaða liggur fyrir. Sjóðurinn mun virða niðurstöðu dómstóla og aðlaga mótvægisáðgerðir ef niðurstaða dómstóla á efri dómstigum verður á þann veg.

Í október 2022 tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra um mögulegar áðgerðir vegna stöðu ÍL-sjóðs og óskaði eftir viðræðum við eigendur HFF skuldabréfa um uppgjör sem miðast við höfuðstól og áfallna vexti og verðbætur. Almenni lífeyrissjóðurinn og aðrir lífeyrissjóðir hafa lagt áherslu á að uppgjör miðist við fullt uppgjör samkvæmt skilmálum skuldabréfanna og taki þá tillit til vaxtagreiðslna í framtíðinni. Í febrúar tilkynnti fjármála- og efnahagsráðherra, fyrir hönd ÍL-sjóðs, íslenska ríkisins og fulltrúar 18 lífeyrissjóða (þ.a.m. Almenni) um að ákveðið hafi verið að hefja viðræður um uppgjör á skuldabréfum sjóðsins. Markmið viðræðnanna er að ná samkomulagi sem felur í sér að skuldabréfin verði gerð upp að fullu og skilyrði sköpuð fyrir slitum ÍL-sjóðs.

Talsverð þróun hefur verið á sviði sjálfbærnilöggjafar í nærumhverfi Íslands á undanförunum árum, sem hefur kallað á aðlögun á fjárfestingarferli og upplýsingagjöf lífeyrissjóða og annarra fjárfesta. Í fyrra tóku tvær evrópskar reglugerðir gildi hér á landi, annars vegar reglugerð um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og hins vegar flokkunarreglugerð með samræmdum skilgreiningum á hvað telst umhverfislega sjálfbær

starfsemi fyrirtækja. Í samræmi við stefnu lífeyrissjóðsins og reglugerðirnar er unnið að því að greina umhverfisáhrif fjárfestinga með það markmið að birta upplýsingar sem byggja á áreiðanlegum og viðeigandi gögnum í samræmi við þróun á sviði sjálfbærnilöggjafar.

Ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins hafa fjárfest í eignum sem eru staðsettar á Reykjanesi, meðal annars í félögum sem eiga beint eða óbeint í HS Orku, HS Veitum og Bláa lóninu og skuldabréfum útgefnum af HS Veitum. Samtals var vægi þeirra af eignum í ávöxtunarleiðum á bilinu 1,1% til 2,8% um áramót. Félögin eru með tryggingar sem bæta eignatjón og rekstrarstöðvun upp að ákveðnu marki. Einnig hefur sjóðurinn veitt lán til sjóðfélaga í Grindavík en vægi þeirra er óverulegt. Þessar fjárfestingar voru gerðar löngu áður en yfirstandandi tímabil náttúruhamfara hófst á Reykjanesi og undirstrika mikilvægi áhættudreifingar í ávöxtunarleiðum.

Ég vil leyfa mér að senda baráttukveðjur til Grindvíkinga og annarra sem hafa orðið fyrir tjóni eða þurft að yfirgefa heimili sín, atvinnu og byggðarlag vegna atburðanna á Reykjanesi.

VI. Stjórnarstörfin

Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um rekstur, fjárfestingar og önnur tilfallandi verkefni samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum ef tilefni er til. Á tímabilinu frá apríl 2023 til mars 2024 fundaði stjórnin 14 sinnum. Stjórnarmenn hafa auk þess mætt á ýmsa fundi milli stjórnarfunda til að greina mál og undirbúa fundi.

Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum og varastjórn þakkar fyrir gott samstarf á liðnu ári. Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Örnú Guðmundsdóttur og Huldu Rósar Rúriksdóttur í aðalstjórn auk Kristjáns Þórarins Davíðssonar, varamanns. Arna og Kristján gefa kost á sér til endurkjörs en Hulda hefur ákveðið að láta gott heita. Ég vil færa henni sérstakar þakkar fyrir störf sín í þágu sjóðsins og góða viðkyrningu. Hulda sat í stjórn sjóðsins í níu ár og þar af tvö sem formaður stjórnar og sem varamaður í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir hönd Almenna lífeyrissjóðsins til margra ára.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarf á liðnu ári.

Einnig vil ég þakka starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf og ánægjulegt samstarf.